



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Skútustaðahreppur

# Pistill sveitarstjóra

Sveinn Margeirsson

## 13. desember 2020

Kæru Mývetningar nær og fjær! Lokapistill þessa árs lítur nú dagsins ljós. Það eru búnir að vera viðburðaríkir mánuðir fyrir nýjan sveitarstjóra frá því í ágúst og margt á döfinni. Krafturinn í samfélaginu er nánast áþreifanlegur og ég hlakka til að takast á við áskoranir næsta árs í samvinnu við ykkur. Gleðileg jól og farsælt komandi ár!

### Áframhaldandi samstarf við Vegagerð um göngu- og hjólréiðastíg

Undirritaður hefur verið samningur við Vegagerðina um stuðning við lagningu göngu- og hjólastígs frá Dimmuborgum að Skútustöðum.

Lagning göngu- og hjólastígs frá Reykjahlíð að Dimmuborgum er hafin og verður lokið vorið 2021. Stuðningur Vegagerðarinnar við áframhald verkefnisins er afar mikilvægur í samhengi viðspyrnu atvinnulífsins í Skútustaðahreppi, umferðaröryggis, loftslagsmála og í samræmi við opinbera stefnumótun á mörgum sviðum, t.d. áfangaastaðaáætlun Ferðamálastofu og Hamingjuverkefni Skútustaðahrepps.

Með lagningu stígsins frá Skútustöðum að Reykjahlíð aukast möguleikar íbúa og ferðamanna til að njóta einstakrar náttúru Mývatnssveitar samhliða hollri hreyfingu og útiveru. Á komandi mánuðum er stefnt að fullhönnun stígsins, í samstarfi við landeigendur og Vegagerðina, auk

þess sem sjónum verður sérstaklega beint að nýsköpunartækifærum sem geta tengst þeirri innviðaupbyggingu sem framundan er.



### Nýsköpun í norðri - NÍN

NÍN er samstarfsverkefni Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, með aukna nýsköpun í sveitarfélögunum að markmiði. Á síðustu vikum hafa verið haldnir rafrænir fundir þar sem farið hefur verið yfir ýmsar hliðar NÍN, nú síðast tækifæri til viðskiptaþróunar og helstu áherslur á árinu 2021. Í upphafi nýs árs verður rafrænn fundur með áherslu á möguleika tengt kolefnisbindingu. Aðalgeir Ásvaldsson, Hildur Þórhallsdóttir, Sigurlína Tryggvadóttir og Pétur Snæbjörnsson vinna nú að framgangi framgangi aðgerða NÍN með ýmsum hætti, auk undirritaðs, en aðgerðirnar voru mótaðar í kjölfar 12 íbúafunda í vinnu rýnihópa vorið 2020.

Starf NÍN hefur notið styrkja frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, SSNE, Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Nýsköpunar-sjóði námsmanna o.fl. Nú nýverið fékkst síðan styrkur frá NORA vegna VALOR verkefnisins en Hildur Þórhallsdóttir stýrir því í átt að markmiðum um aukna verðmætasköpun í samstarfi við Grænlandinga, Færeyinga, Skota og Norðmenn.

### Allt á fullu á skíðasvæði

Skíðadeild Mývetnings hefur lagt frábæra vinnu í endurbætur á skíðasvæðinu við Kröflu á síðustu vikum. Nýverið veitti samfélagssjóður Landsvirkjunar skíðadeildinni 500 þús króna styrk, en félagar í deildinni hafa lagt um 400 vinnutíma í sjálfböðavinnu í endurbætur á lyftunni á síðustu vikum. Stefán Jakobsson var



nýverið í viðtali á Rás 2 vegna vinnunnar og má heyrja í honum [hér](#).

### Vísindamiðlun við Mývatn

Ýmis þekkingardrífir verkefni og stofnanir eru rekin innan Skútustaðahrepps og er t.d. þekking á lífríki og jarðfræði sveitarfélagsins umfangsmikil. Þá eru fyrirhuguð umfangsmikil verkefni á sviði þekkingaröflunar. Með því að miðla þessari þekkingu með skýrum og skilvirkum hætti má styðja við samþættingu námsgreina í menntakerfinu og samhengi formlegra rannsókna og þekkingu íbúa. Stefnt er að því að bjóða fulltrúum helstu verkefna og stofnana sem tengjast sveitarfélaginu að kynna starfsemi sína fyrir sveitarstjórn, ásamt skólastjóra

Reykjahlíðarskóla og verkefnastjóra samþættingar námsgreina innan skólans. Meðal verkefna og stofnana sem um ræðir eru: KMT (Krafla Magma Testbed), Minjavernd við Hofsstaði og Grænavatn og aðrar rannsóknir tengdar minjum, RAMÝ, Náttúrustofa norðurlands eystra, Umhverfisstofnun, Landgræðslan, Þekkingarnet Þingeyinga, Menningarmiðstöð Þingeyinga, Hafrannsóknarstofnun, Mýsköpun, Norræna eldfjallamiðstöðin og Vatnajökulsþjóðgarður.

### Aðalfundur Mýsköpunar

Aðalfundur Mýsköpunar fór fram 8. desember sl.. Mýsköpun býr að áralöngum grunn-rannsóknum



á lífríki Mývatns og hafa verið þróaðir ferlar hjá félaginu til framleiðslu á smáþörungum sem finna má í vatnakerfi Mývatns, s.s. Spirulina. Ný stjórn Mýsköpunar er skipuð

sveitarstjóra (formaður), Péttri Snæbjörnssyni, Antoni Birgissyni, Júlíu K. Björke og Hjörleifi Einarssyni sem kom færandi hendi á fundinn með Spirulina stofn sem einangraður hefur verið í samstarfi við Háskólann á Akureyri o.fl. Á myndinni má sjá þau Hjörleif og Júlíu með Spirulina stofninn, en meðal áfanga sem Mýsköpun hefur náð á síðustu vikum er samningur við Landsvirkjun um húsnæði og aðstöðu.

## Margt í gangi í Íþróttamiðstöðinni

Eins og fram hefur komið í fyrri pistlum er mikil gróska í kringum ÍMS og þróun svæðisins í kring. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir umtalsverðum framkvæmdum á svæðinu á næsta ári og er horft til þess að þróa það áfram næstu ár. Hafinn er undirbúningur við uppsetningu á klifurvegg í Íþróttahúsinu, skiptingu á íþróttasal með tjaldi og viðgerð á heitum potti, auk þess sem skoðað verður að útbúa aðstöðu fyrir félagsaðstöðu ungmenna. Starfsmenn áhaldahússins voru í fararbroddi við viðgerðir á varmaskiptum í kjallara og er ástand þeirra loks orðið ásættanlegt. Fyrir vikið virka sturtur mun betur en áður og áhætta af rafmagnsleysi hefur verið takmörkuð með því að setja snjóbræðslu á knattspyrnuvelli á lokað kerfi. Umsjónarmaður íþróttahúss er óþreytandi í að benda á möguleg framfaraskref varðandi aðstöðu og starfsemi. Endilega hikið ekki við að snúa ykkur til Ástu eða Kristins, formanns Mývetnings ef þið hafið tillögur í þessa veru. Horft er til þess að auka enn samstarf við Mývetning varðandi umsjón og úthlutun tíma í ÍMS, en því miður hafa sóttvarnarráðstafanir ekki gert okkur mögulegt að nýta húsið eins mikið og við myndum helst vilja. Jólaopnun ÍMS verður auglýst á næstu dögum.

## Jólasveinarnir mættir!



Jólasveinarnir eru mættir í Dimmuborgir og er um að gera að kíkja á þá við tækifæri. Góðu heilli eru

þeir félagar skipulagðir og eru með [vefsíðu](#) sem heldur utan um heimsóknir þeirra. Kíkið á það!

## Engin Covid-19 smit

Sá ánægjulegi áfangi náðist á Norðurlandi eystra nýverið að ekkert Covid-19 smit var fyrir hendi innan landshlutans. Þá var heldur enginn í sóttkví. Ekki hafa verið nein smit í Mývatnssveit frá því í vor. Nú er um að gera að halda út kófið og horfa með björtum augum fram á áhrif bólusetning á nýju ári!

## Hvatning til hundaeigenda

Það kemur fyrir endrum og sinnum að hundar hlaupi lausir í Reykjahlíðarþorpinu og eru hundaeigendur hvattir til að gæta að sínum hundum. Meðal margra góðra hugmynda sem ungmennaráð hefur komið fram með er uppsetning hundagerðis í nágrenni ÍMS og verða þær hugmyndir kannaðar nánar á næstunni.

## HRÓS DAGSINS...

Fær frumkvöðullinn og ofurhuginn Steingrímur Örn Kristjánsson, sem gerði skíðastökkpall fyrir ofan Reykjahlíðarþorpið á dögnum. Sannarlega þess virði að fá sér labbitúr og skíða niður frábæra brekku í heimabyggð!



Hamra skal járn meðan heitt er!  
**Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri**